




## NIÐURSTÖÐUR VEGNA SÝNATÖKU

**Laugalækjaskóli heimilisfræðistofa**

**Laugalækjarskóli**



Reykjavík 11.4.2024

## Umsjón sýnatöku

Svavar Örn Guðmundsson

### Efni

Kanna hvort mygla vaxi í byggingarefnum.

### Sýnatökustaður

Laugalækjaskóli heimilisfræðistofa

## Útskýringar



Enginn mygluvöxtur fannst við skoðun sýnis



Ummerki um myglu-/bakteriuvöxt fundust í sýni eins og gró, mítlaskítur o.fl.



Mygla/bakteriur fundust í vexti í sýni

**TAFLA 1** Sýnataka og verkbeiðni: S = skoða vel | L = lausleg greining | G = geyma

SÝNI	STAÐSETNING	LÝSING	EFNI	RAKI	GREINING	NIÐURSTAÐA	LITAKÓÐI
1	Heimilisfræði bakvið skáparöð nær þvottahúsi.	Gólf.	Dúkur; Múr	+	S	Kjarni 25mm langur. Mygla í holrýmum kjarna að minnsta kosti 15mm inn í kjarnann. Myglað undir dúk af <i>Microascus</i> spp gró og gróberar og tegund sem líkist <i>Tritirachium</i> spp gró og gróberar.	
2	Heimilisfræði bakvið skáparöð nær þvottahúsi.	Veggur.	Múr	-	S	Kjarni 19mm langur. Myglað í holrýmum kjarna að minnsta kosti 12mm inn í kjarnann.	
3	Heimilisfræði, aftasta röð fjær þvottahúsi.	Gólf.	Dúkur; Múr	-	S	Kjarni 27mm langur. Mygla í holrýmum kjarna að minnsta kosti 18mm inn í kjarnann. Ekki ummerki um myglu undir dúk.	
4	Heimilisfræði, aftasta röð fjær þvottahúsi.	Veggur.	Múr	+	S	Kjarni 20mm langur. Mygla í holrýmum kjarna í gegnum kjarnann. Vírnet ryðgað í kjarna.	

## Almennar tillögur til úrbóta

Bent er á bækling Umhverfisstofnunar: [2015 Inniloft, raki og mygla í híbýlum; Leiðbeiningar fyrir almenning](#)

Ávallt er mælt með að fjarlægja eða skipta út rakaskemmdu byggingarefni en það er ekki endilega háð því að mygla greinist í sýni.

Við framkvæmdir þarf að fylgja ströngum verkferlum. Afmarka vinnusvæði eða vinnurými með plasti frá öðrum svæðum í byggingu. Innbú og húsmuni þarf einnig að fjarlægja úr vinnurými fyrir niðurrif og framkvæmdir. Nauðsynlegt er að vera með útblástur frá vinnusvæði og tryggja undirþrýsting þannig að agnir berist ekki inn í önnur íverurými við framkvæmdir.

Takmarka skal krossmengun á milli svæða eða rýma eins og unnt er. Velja hæfilegan hlífðarbúnað hverju sinni, grímu, hanska og hlífðarfatnað.

Fyrsta skrefið er að greina upptök raka, stöðva leka eða koma í veg fyrir rakapéttingu, því næst fjarlægja öll rakaskemmd byggingarefni. Til þess að gæta öryggis er mælt með að fjarlægja umfram sjáanlega skemmt svæði. Byggingarefni sem er endurnýtt, þ.e. hlutir sem eru ekki rakaskemmdir en hafa komist í snertingu við rakaskemmdir, myglu eða loft þar sem er mygla í vexti er nauðsynlegt að hreinsa vel þannig að gró, svepphlutar, bakteríur og afleiðuefni verði fjarlægð eins og mögulegt er.